

Skólanámskrá Súðavíkurskóla

2016 - 2017

vísir



Gildi okkar í Súðavíkurskóla eru:

Virðing – Vellíðan – Heiðarleiki - Framfarir

Súðavíkurskóli, Aðalgata, 420 Súðavík, sími 456-4924, fax: 456-5909.

Heimasíða skólans: www.sudavik.is/skoli

Netfang skólans: skolastjori@sudavik.is / annalind@sudavik.is

Efnisyfirlit

1. Kæru foreldrar og nemendur !.....	3
2. Kennslu- og uppeldisfræðileg stefna.....	4
3. Starfsemi skólans frá upphafi stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans.....	5
4. Lykilhæfni.....	6
5. Inntak náms.....	8
6. Námsmat.....	8
7. Annarpróf.....	8
8. Kannanir og skyndipróf.....	8
9. Marklistar.....	9
10. Annar- og ársskýrslur.....	9
11. Mat á árangri og gæðum.....	9
12. Sjálfsmat á skólastarfi.....	10
13. Val nemenda í 8.-10.bekk.....	11
14. Samræmt námsmat.....	11
15. Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla.....	11
16. Matsáætlun Súðavíkurskóla 2015 – 2016.....	12
17. Leikskóladeildin.....	15
18. Tónlistardeild.....	16
19. Sameiginleg gildi í Súðavíkurskóla.....	17
20. Foreldrasamstarf.....	18
21. Jafnréttisáætlun Súðavíkurskóla.....	19
22. Umhverfisstefna Súðavíkurskóla.....	19
23. Símenntun.....	19
24. Vímuvarnastefna Súðavíkurskóla.....	20
25. Áfallaáætlun.....	20
26. Mannréttinda- og jafnréttisstefna.....	21
27. Eineltisstefna Súðavíkurskóla.....	22
28. Nýbúakennsla – móttökuáætlun nýbúa.....	22
29. Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.....	22

1. Kæru foreldrar og nemendur !

Hér er 30. útgáfu Vísis, skólanámskrár Súðavíkurskóla, fylgt úr hlaði. Skólanámskráin skiptist í þrennt: A) Vísi sem hefur að geyma upplýsingar um vel flesta starfsemi sem fer fram í skólanum, B) Bekkjarvísi sem inniheldur námsáætlanir hvers bekkjar fyrir sig sem og upplýsingum um námsmat C) Starfsáætlun skólans. Skólanámskráin er endurskoðuð á hverju ári og það er alltaf gott að fá álit foreldra á ritinu svo hægt sé að gera betur næst. Skólastarf tekur sífelldum breytingum og vonandi til batnaðar. Súðavíkurskóli samanstendur af grunn- leik- og tónlistardeild, með einum skólastjóra. Starfsmenn í vetur verða Anna Lind, Dagbjört, Linda, Lilja, Eggert, Jóhanna, Guðbjörg, Anna Sig, Ísabella, Lisete og Elín. Starfsmenn eru í mismunandi starfshlutföllum. Þetta skólaár verður nemendum skipt niður í þrjár deildir, þannig verða 1.-4.bekkur saman og 5.-7.bekkur og 8.-9.bekkur. Við höfum ákveðið að byrja hvern dag á söng eða hreyfingu, þannig að 2x er söngur á sal undir stjórn Jóhönnu og 3x er hreyfing undir stjórn skólastjóra eða kennara. Þá höfum við einnig ákveðið að leggja sérstaklega mikla áherslu á íslensku og stærðfræði. Sundkennslan verður undir stjórn Önnu Fíu og fer fram í Sundlaug Bolungarvíkur og áfram verða 2x 40 mín á hvorn hóp og kennsla fer fram fyrir áramót. Samkennsla grunn- og leikskóla er til staðar og koma fimm ára nemendur úr leikskólanum í samkennslu með 1. 2. 3. og 4. bekk, í tíu stundir á viku.

Að gera gott starf betra, hefur verið markmið í skólanum undanfarin ár og svo er enn. Ég veit að skólastarfið heldur áfram að vera gefandi, krefjandi og árangursríkt, því að gott samstarf starfsfólks innan skólans sem og við fræðslunefnd, foreldrafélagið og hreppsnefnd getur ekki skilað öðru en að góður skóli verði betri skóli. Hugmyndir að góðu skólastarfi virðist ekki skorta og því þarf að einbeita sér að því að hrinda þeim í framkvæmd. Lausnir virðast einkum felast í því að byggja upp skóla þar sem stjórnendur, kennarar, og annað starfsfólk lítur á það sem mikilvægt hlutverk sitt að meta þætti í umhverfi skólans og eigin starfsemi í þeim tilgangi að byggja upp skóla sem lærir og þroskast líkt og bestu kennararnir og nemendurnir sem í honum eru. Hlutverk skólans er margþætt og flókið og að breyta honum til hins betra fyrir börn og unglinga verður aldrei einfalt verkefni. Þegar allir leggjast á eitt og hugur, hjarta og hönd fara saman með viljann að leiðarljósi er aðeins hægt að gera gott betra fyrir allt skólastarf í Súðavíkurskóla.

Súðavík, september 2016

Anna Lind Ragnarsdóttir



2. Kennslu- og uppeldisfræðileg stefna

Starfshættir Súðavíkurskóla teljast til sveigjanlegra starfshátta. Reynt er að aðlaga skólstarfið að þörfum nemenda eins og kostur er. Sveigjanlegt skólstarf helgast af því að þarfir nemenda eru ólíkar og reynt er að haga skólstarfinu í samræmi við þarfir og hæfileika hvers og eins. Þar sem nemendum á misjöfnum aldri og með ólíkan þroska er blandað saman í hópa, þá er séð til þess að hver einstaklingur fái námsefni við sitt hæfi. Það eykur sjálfstraust og sjálfstæði nemenda í námi.

Skólinn aðhyllist Uppbyggingarstefnuna – Uppeldi til ábyrgðar, sem felur í sér ákveðnar samskiptaleiðir í skólanum og er helsta markmið okkar með þessari stefnu að efla vitund allra nemenda og starfsmanna í Súðavíkurskóla um eigin vinnu og að hvetja þá til að taka ábyrgð á eigin hegðun og framkomu og verða með því betri manneskjur. Þessi stefna leggur áherslu á að eina manneskjan sem við getum í raun og veru stjórnað erum við sjálf og því ekki til neins að afsaka hegðun sína og kenna öðrum um. Stefnan á að leiða nemendur til að auka þekkingu og skilning sinn á þeim möguleikum sem þeir hafa, hvetja þá til að nýta námstíma sinn vel og nýta tilboð um aðstoð og aðstöðu. Allir í skólanum hafa ákveðið og samþykkt fjögur ákveðin lífsgildi sem við ætlum að hafa að leiðarljósi og fara eftir. Þetta eru **Velliðan** sem felur í sér viðurkenningu, gleði og góðan starfsanda. **Virðing** sem felur í sér vandvirkni, tilitssemi og traust. **Framfarir** sem fela í sér framvindu í námi, starfi, samskiptum og leik. **Heiðarleiki** sem felur í sér hreinskilni, sáttfýsi og samstöðu. Það er von okkar allra að geta fylgt þessum lífsgildum eftir til að gera skólann okkar að enn betri vinnustað.

Áhersla er lögð á að tengja námið bæði reynslu og umhverfi nemenda. Litið er á nemendur sem sjálfstæða einstaklinga sem hafa ákveðin réttindi og jafnframt skyldur við sjálfa sig og aðra og þeim sýnt traust. Stefnt er að því að þeir geti sjálfir aflað sér upplýsinga og náð umtalsverðri leikni við að leysa verkefni sín. Reynt er að hafa starfsdaginn samfelldan. Lögð er áhersla á að nemendur og kennarar geri húsakynni skólans vistleg en það skapar hlýlegt andrúmsloft og stuðlar að eðlilegum samskiptum þessara aðila.

3. Starfsemi skólans frá upphafi stofnunar hans og helstu atriði í þróun skólans

Reglulegt skólahald hófst í Súðavík árið 1891 þegar „Gamli skólinn“ var byggður og var fyrsti skólastjóri hans Friðrik Guðjónsson og var þar allt til 1915. Í kringum 1930 var skólinn fluttur í Samkomuhúsið sem þá var nýbyggt og var þar til 1946-1947. Eftir það fluttist skólahald í hús kvenfélagsins við Aðalgötu og var þar, uns fyrsti áfangi núverandi skólahúsnæðis var tekinn í notkun árið 1951. Annar áfangi skólans var tekinn í notkun 1965 en þar var m.a. skólastjóraíbúð í nokkur ár. Þriðji áfanginn var árið 1990 en þá voru tvær kennslustofur byggðar við skólann og árið 1994 var byggt nýtt íþróttahús. Haustið 1996 var glæsileg viðbygging við grunnskólann tekin í notkun. Í henni er leikskóli, fjórar almennar kennslustofur, salur, eldhús, salerni og anddyri. Í gamla skólanum er núna vinnuherbergi kennara, kaffistofa, sérkennsluherbergi, skrifstofa skólastjóra, félagsherbergi unglिंगadeildar, bókasafn skólans og hreppsins, handmenntastofa, myndmenntastofa, tónlistardeild auk geymslurýmis. Smíðakennsla fer fram inn á Langeyri en þar höfum við fengið góða aðstöðu. Fyrir nokkrum árum fluttum við mötuneyti skólans yfir á Jón Indíafara, þannig að nemendur okkar borða hádegismatinn þar, en morgunmat er ennþá í skólanum. Nemendum er skipt í fámenna hópa, eina viku í senn sjá þeir um að ganga frá eftir morgunmatinn. Skólinn er mjög vel búinn kennslutækjum og búnaði enda hefur sveitarstjórn lagt metnað sinn í að styðja við skólahald á staðnum.

Árið 1996 var einnig tekið í notkun tveggja hæða hús með tveimur kennaraíbúðum niðri og heimavist uppi. Heimavist var rekin alla virka daga fyrir nemendur úr Ísafjarðardjúpi en þeir fóru heim um helgar. Heimavistin var lögð niður árið 2007 þegar ljóst var að ekki voru fleiri nemendur sem þurftu á þessari þjónustu að halda.

Skólaárið 2009 – 2010 var ákveðið að hafa einn starfandi skólastjóra yfir Súðavíkurskóla sem samanstendur af grunn- leik- og tónlistarskóla.



4. Lykilhæfni

Þekking leikni og viðhorf

Námshæfni felur í sér að þekkja veikleika og styrkleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Hún beinist að fróðleiksfýsni, trú á eigin getu og hæfileika til að beita þekkingu sinni, leikni og hæfni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt.

Unnið er að því að nemendur Súðavíkurskóla öðlist lykilhæfni er varðar námshæfni með því að þeir setji sér raunhæf markmið, setji sér vikuáætlanir, læri að þekkja styrkleika sína með sjálfsmati og með því að deila þekkingu sinni með öðrum, taki próf og kannanir. Til að geta lagt mat á eigið vinnuframlag og tekist á við áskoranir í námi þurfa þeir að fá tækifæri til að skipuleggja vinnutíma sinn og forgangsraða verkefnum eftir því sem við á. Lögð er áhersla á að nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og byggi ný verkefni á reynslu og fyrri þekkingu.

Lýðheilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan. Sérhver nemandi þarf að gera sér grein fyrir að hann ber ábyrgð á sjálfum sér og umhverfi sínu. Til að stuðla að góðri heilsu og almennri vellíðan þarf að leggja rækt við hollar lífsvenjur, hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl.

Unnið er að því að nemendur öðlist lykilhæfni í þáttum er varða lýðheilsu með því að taka afstöðu gegn ofbeldi og einelti t.d. með því að temja sér aðferðir uppbyggingarstefnunnar í mannlegum samskiptum. Til að nemendur temji sér gildi hollra lífshátta stendur skólinn fyrir margskonar fræðslu og leggur áherslu á hreyfingu, veitir aðstöðu til íþróttaiðkunnar og opnar dyr sínar fyrir aðilum sem uppfræða nemendur um skaðsemi reykinga og notkun annarra vímuefna.

Skapandi hugsun og hagnýti þekkingar er mikilvægt að virkja og viðhalda svo sköpunarkraftur einstaklinga, sjálfstæði og frumkvæði, nýtist þeim í lífi og starfi. Forsenda þess er að skólinn skapi nemendum skilyrði til að virkja frumkvæði, sjálfstæði og skapandi hugsun á sem flestum sviðum.

Þættir sem unnið er að í Súðavíkurskóla til að efla lykilhæfni nemenda er varðar skapandi hugsun og hagnýti þekkingar er hvatning til að tjá sig og miðla skoðunum sínum og verkum s.s. með myndrænum útfærslum af verkefnum sem eru sýnileg öllum í skólanum. Með því að prýða veggj skólans myndverkum nemenda er sköpun þeirra sýnd virðing. Þjálfun í ræðumennsku og þátttöku í leikritum og öðrum uppákomur, þar sem nemendur fá að sýna þekkingu sína og færni, styrkja sjálfstæði sitt og frumkvæði. Mikil áhersla er á að allir séu virkir í skólastarfinu.

Jafnrétti á öllum sviðum eru sjálfsögð mannréttindi. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa öllum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lifa ábyrgu lífi í frjálsu

samfélagi í anda skilnings, friðar, manngildis umburðarlyndis og víðsýni. Markmiðið er einnig að allir séu virkir þátttakendur í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis.

Unnið er að þáttum er varða lykilhæfni jafnréttis með því að nemendur og starfsmenn temji sér aðferðir og inntak Uppbyggingarstefnunnar. Í þeirri stefnu er lögð áhersla á þátttöku allra og að virða jafnrétti í samskiptum, umburðarlyndi, víðsýni og virðingu. Skólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu sem farið er eftir, en þar er áhersla lögð á jafnrétti á öllum sviðum s.s. kynja-, kynþátta, fötlunar og að vera gagnrýnin á fyrirmyndir og staðalímyndir.

Lýðræði og mannréttindi eru ein meginforsenda lýðræðislegs samfélags þar sem félagsfærni einstaklingsins byggir m.a. á vitund um eigin ábyrgð, lýðræði og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og virðingu. Félagfærni er einnig virðing fyrir manngildi sem felur í sér bæði mannréttindi og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum allra.

Þjálfun í lykilhæfni er varðar lýðræði og mannréttindi fá nemendur með því að temja sér aðferðir og inntak Uppbyggingarstefnunnar sem kennd er í lífsleikni og er snar þáttur í skólalífinu. Þar er áhersla lögð á manngildi í samskiptum og virðingu fyrir skoðunum annarra. Með því að fá tækifæri til að ræða siðferðileg álitamál og taka gagnrýna og ábyrga afstöðu, læra nemendur að virða grundvallarreglur samfélagsins.

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum veitir innsýn í menningu annarra þjóða og leggur grunn að skilningi, víðsýni og virðingu. Tungumálakunnátta er lykillinn að upplýsingum um fagleg efni og aðgengi að ýmsum nýsigögnum sem skipta máli í námi. Hún er ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti við einstaklinga af öðru þjóðerni.

Þjálfun í þáttum er varða lykilhæfni í læsi, ritun, tjáningu og samskiptum á erlendum málum fá nemendur með því að æfa færniþættina fjóra s.s. að skrifa, hlusta og æfa sig í að tala erlend mál, auk þess að lesa sér til fróðleiks og ánægju. Kennarar tala hið erlenda mál í kennslustundum eins mikið og kostur er og nota leiki, söng, samræður, leikræna tjáningu, veraldarvefinn og mynddiska til að æfa málið og kynna menningu annarra þjóða.

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar eru hverjum manni mikilvægar. Gott talnalæsi er mikilvægt til að takast á við daglegt líf og störf. Læsi á tölur felur í sér þekkingu, leikni og hæfni til að lesa úr, tjá sig um og nýta sér tölulegar upplýsingar. Læsi á upplýsingar tekur m.a. til upplýsingatækni þar sem mikilvægt er að allir geti aflað gagna, unnið úr, notað og miðlað upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt.

Til að þjálfu lykilhæfni í þáttum er varða tölur og upplýsingalæsi er lögð áhersla á að nemendur vinni með upplýsingar er varða eigin neyslu og almenna notkun, setji þær fram á stærðfræðilegan máta og kynni fyrir samnemendum sínum og kennurum. Nemendur geti aflað gagna, flokkað, unnið úr, nýtt sér og miðlað upplýsingum á gagnrýninn hátt, notað

upplýsingatækni í þekkingarleit og miðlun upplýsinga og hafi tækifæri til að sýna frumkvæði og sköpun.

5. Inntak náms

Inntak náms er valið með tilliti til markmiða Aðalnámskrá hverju sinni, þess skal ætíð gætt að markmið séu við hæfi nemenda. Á hverri önn eru gerðar kennsluáætlanir í öllum námsgreinum þar sem inntaki náms eru gerð nánari skil. Þessar kennsluáætlanir má sjá á heimasíðu skólans, Mentor og í skólanum.

6. Námsmat

Kennarar skipuleggja námsmat út frá námsmarkmiðum og þroska nemenda. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir til að skoða færni og skilning nemenda, svo sem skimanir, mat á skriflegum úrlausnum, frammistöðumat, samræður, sjálfsmat nemenda, símat, vettvangsathugun og fleira. Námsmatsverkefni eiga að vera fjölbreytt og mismunandi innan hvers námssviðs á hverri önn. Matið þarf að vera í samræmi við kennslutilhögun og höfða til sem flestra matsþátta. Matið á að vera áreiðanleg, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Nemendum skal hjálpað að efla nám-vitund sína og færni á sem fjölbreyttastan máta. Áhersla er lögð á leiðbeinandi námsmat þar sem markvisst er unnið með niðurstöður t.d. með marklistum og prófsýningu. Öll viðmið skulu vera skýr svo allir viti hvaða kröfur eru gerðar og geti skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Námsmatið á að taka mið af sérþörfum nemenda. Geta skal þess sérstaklega ef um aðlagða námskrá eða námsmat er að ræða með stjórnúmerkingu.

7. Annarpróf

Í Súðavíkurskóla eru tvær annir, nemendamat liggur fyrir í annarlok í desember og aftur í maí. Kennarar sjá um próftöflur og vinna þeir þær í sameiningu ef þörf er á. Próftöflum skal skilað inn á Mentor sem og í töskupósti. Öll próf þarf að stofna í Mentor kerfinu og þarf að gera það tímanlega. Ef nemendur fylgja ekki námskrá bekkjarins þá eru próf þeirra stjórnúmerkt. Prófúrlausnum er ekki hent fyrr en eftir eitt ár, þeim er safnað saman í einstaklingsmöppur hvers nemenda og geymdar í eitt ár eftir það er gögnunum eytt á viðeigandi hátt og á ábyrgð skólastjóra.

8. Kannanir og skyndipróf

Kannanir, sjálfsmat, skyndipróf og eða hlutapróf eru tekin mismunandi oft og kemur það fram í matsþætti kennsluáætlanna/ársáætlun. Þegar kennari hefur lagt fyrir og farið yfir slíkar kannanir og eða próf þá skrifar hann á forsiðuna “mér sýnt og dagsetning” og nemandinn fer

með það heim og sýnir foreldrum, kvittað er fyrir og því skilað aftur í skólann, þar sem þetta er geymt út skólaárið en síðan eytt.

9. Marklistar

Marklistar eru gerðir við ákveðin próf eða þar sem það er hægt. Þetta eru listar sem taka á öllum þeim þáttum sem koma fram á viðkomandi prófi sem og stig/skor hvers þáttar. Síðan eru þeir fylltir út þegar farið er yfir prófið og merkt við. Marklisti er gerður bæði fyrir bekkinn í heild sem og hvern einstakling og settur í merktar einstaklingsmöppur í vinnuherbergi kennara.

Gott er að fara reglulega yfir útfyllta marklista til að kanna hvort búið sé að fara í þá liði sem nemandi/nemendur komu illa út í – ef það á við.

10. Annar- og ársskýrslur

Þessar skýrslur eru annarsvegar kennsluáætlanir og hinsvegar mat á þeim sem og hverju hefur verið lokið og ekki.

Ársskýrsla tekur á; námsmarkmiðum vetrarins, námsefni, kennsluskipulagi og námsmati. Hver kennari gerir skil á sínu fagi sem verður eins og kennsluáætlun fyrir veturinn, umsjónarkennari hvernar deildar tekur allt efnið saman í skýrslu sem verður að bekkjarvísi hvers bekkjar. Bekkjarvísir er kynntur fyrir foreldrum á námsefniskynningu (september) og þar geta þeir komið með ábendingar um efnið. Athugasemdir verða lagfærðar en skólustjóri kvittar fyrir að bekkjarvísir sé tilbúinn til útgáfu á hvert heimili. Allar skýrslur (kennsluáætlanir) eru settar inn í merktar möppur inn í vinnuherbergi kennar og sér hver kennari að koma sinni skýrslu í möppu.

Í annarskýrslu eru niðurstöður fyrir hvert fag og hún tekur á; námsefni sem farið var í, efnisþætti, námsmat, hvað var lagt upp með og hvernig var gefið fyrir, samantekt þar sem fram kemur hverju var lokið og hverju ekki og að lokum tillögur að kennsluefni næsta vetrar. Þessum skýrslum eru gerð skil á starfsdögum við lok hvers skólaárs og þær settar inn í merkta möppu. Þessi skýrsla er oftast en ekki skilað á hvern einstakling og því settar inn í möppu hvers einstaklings í vinnuherberginu.

11. Mat á árangri og gæðum

Við mat á árangri og gæðum skólastarfsins er notast við Skólapúlsinn sem kannar líðan og viðhorf nemenda í 6.-10. bekk til náms og kennslu tvisvar á ári. Niðurstöður eru bornar saman við landsmeðaltal. Mælistikan er mælitæki á líðan og viðhorf nemenda í 1.-5. bekk til náms og kennslu og er lögð fyrir tvisvar á ári. Eftir fyrirlagnir eru niðurstöður bornar saman og kynntar

foreldrum, nemendum og skólayfirvöldum. Starfsmannviðtöl eru einu sinni á skólaári. Reglulega eru viðhorfsskannanir lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. 7. 9. og 10. bekk eru einnig notaðar til að meta árangur og gæði skólustarfsins.

12. Sjálfsmat á skólustarfi

Sjálfsmati á skólustarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunarinnar, unnið af starfsmönnum hennar en með ytra mati er átt við úttekt á starfseminni sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólustarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólustarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólustarfs og áætlun um úrbætur. Megin tilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir úrbætur.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólustarfið sem veitir upplýsingar um árangur skólustarfsins í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf stöðugt að vinna að því. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í gildandi lögum um grunnskóla 35.gr, eru markmiðin að:

- veita upplýsingar um skólustarf, árangur þess og þróun, til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- auka gæði náms og skólustarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 36.gr, um innra mat segir: „Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólustarfs á grundvelli 35.gr með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því

sem við á. Grunnskólinn birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í 37.gr, um ytra mat sveitarfélaga segir: Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr.5. og 6.gr og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Í 38.gr gerir Menntamálaráðuneytið áætlun til 3ja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara.

13. Val nemenda í 8.-10.bekk

Nemendur í 8. – 10. bekk hafa ekki verið með frjálst val þar sem fámennið er það mikið að ekki er hægt að uppfylla allar þeirra kröfur. Í samráði við nemendur hefur sú hefð myndast að skólinn býður upp á val 1 og 2, en síðan eru greinar sem allir verða að sækja. Val 1 og 2 eru smíðar og málmsmíði en fast val t.d. umferðarfræðsla. Þá hefur verið í boði að fara í heimilisfræði, handmennt, tónlist, fótbolta, skyndihjálp og þýsku svo fátt eitt sé nefnt. Einnig hafa allir nemendur valið fyrirtæki og stundað vinnu þar einn dag ef ekki hefur náðst í val það árið. Í ár er val nemenda á unglingastigi að vinna í Fablab í Menntaskólanum á Ísafirði 3x40mín á viku.

Í starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífinu hafa nemendur fengið að velja sér fyrirtæki eða stofnanir og merkt, val 1, val 2 og val 3. Þegar liggur fyrir hvað nemendur vilja og leggja áherslu á, þá hefur skólastjóri haft samband við viðkomandi fyrirtæki/stofnanir fengið leyfi og að því loknu keyrt þeim á staðina ef þeir eru ekki í heimabyggð.

14. Samræmt námsmat

Innan skólans er námsmat samræmt með því að notaður er sami kvarði þegar gefið er fyrir hvort heldur er í tölum eða í bókstöfum. Námsmat ólíkra greina er ekki samræmt. Gefið er fyrir í bæði í tölum og bókstöfum.

15. Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla

Einn skólastjóri er yfir leik- grunn- og tónlistarskóla. Allir nemendur leikskóladeildar taka þátt í viðburðum í skólastarfinu. Þar að auki eru elstu nemendur leikskóladeildarinnar í tíu kennslustundum með yngstu nemendum grunnskóladeildar. Elstu nemendur grunnskóladeildar hjálpa stundum til á leikskóladeild. Suma daga eru leikskólanemendur í morgunmat og frímínútum með eldri nemendum. Sameiginlegir starfsdagar allra starfsmanna skólans eru þrjár á ári og reynt að hafa einn þeirra tengdan námskeiðum er tengjast skólastarfi Súðavíkurskóla.

Elstu nemendum grunnskóladeildar hefur staðið til boða formlegar kynningar í MÍ. Umsjónarkennari unglíngadeildar kemur upplýsingum til MÍ vegna sérþarfa okkar nemenda ef þurfa þykir.

16. Matsáætlun Súðavíkurskóla 2015 – 2016

Mat á lestrarfærni barna í Súðavíkurskóla

Um Súðavíkurskóla

Súðavíkurskóli er fámennur skóli sem samanstendur af þremur skóladeildum þ.e. leik- grunn- og tónlistardeild. Það eru 13 nemendur í leikskóladeild, 17 nemendur í grunnskóladeild og 12 nemendur í tónlistardeild. Fimm ára nemendur í leikskóladeild eru 10 kennslustundir í grunnskóladeildinni og þá í samkenndu með 1. 2. 3. og 4. bekk. Starfsmenn við deildirnar eru 7 í mismiklu starfshlutfalli. Skiptingin núna er 1.- 4. bekkur og 5. – 8, bekkur, engir nemendur eru í 9. og 10. bekk að þessu sinni.

Starfshættir Súðavíkurskóla teljast til sveigjanlegra starfshátta. Reynt er að aðlaga skólastarfið þörfum nemenda eins og kostur er. Þar sem nemendum á misjöfnum aldri og með ólíkan þroska er blandað saman í hópa, þá er séð til þess að hver einstaklingur fái námsefni við sitt hæfi. Skólinn aðhyllist Uppbyggingarstefnuna/ Uppeldi til ábyrgðar, sem felur í sér ákveðnar samskiptaleiðir í skólanum. Markmið okkar með þessari stefnu er að efla vitund allra nemenda og starfsmanna í Súðavíkurskóla um vinnu sína og að hvetja þá til að taka ábyrgð á eigin hegðun og framkomu og verða með því betri manneskjur. Í Súðavíkurskóla er höfð að leiðarljósi fjögur gildi sem eru; **velliðan, virðing, framfarir og heiðarleiki**. Við leitumst við að fylgja þessum gildum eftir til að gera skólann okkar að enn betri vinnustað.

Inngangur

Lestur barna hefur átt undir högg að sækja á Íslandi eins og víða annars staðar. Breyttar samfélagslegar áherslur og jafnvel aukin snjalltækjanotkun barna og unglínga koma þar við sögu. Eins er víða hærra hlutfall tvítýngdra barna sem hafa ekki sterkan grunn í íslensku máli og sú er einmitt raunin í Súðavíkurskóla. Það þarf ekki að tíunda um mikilvægi góðrar lestrar-kunnáttu, en segja má að gott læsi sé lykillinn að samfélaginu. Skólinn okkar er fámennur og starfsfólk vel menntað í sínu fagi og ætti því ekki að verða skotaskuld úr því að skila nemendum vel læsum upp úr grunnskólanum. Átak yfirvalda, Þjóðarsáttmáli um læsi, er því kjörið tækifæri til að kafa dýpra í stöðuna í okkar skóla. Því er nauðsynlegt að skólinn setji sér skír og mælanleg markmið með læsiskennslunni þannig að allir sem að koma, kennarar, nemendur og foreldrar séu öruggir í sinni vinnu á leið til betra læsis.

Aðferð

Í byrjun janúar komu fulltrúar læsisteymis Menntamálaráðuneytisins og héldu fundi með starfsmönnum leik- og grunnskóla. Þar var farið yfir stöðuna og góð ráð veitt um framhaldið. Þá var einnig haldinn foreldrafundur með teyminu þar sem rætt var um ábyrgð heimilanna í lestrarferlinu. Þrír kennarar skólans útbjuggu matsáætlun í lestri fyrir þetta skólaár. Íslenskutímum var fjölgað um nokkra tíma á viku í tvo til þrjá mánuði. Á þessum tíma voru börnin hvött til að lesa á hverjum degi bæði í skólanum og heima. Yngri börnin tóku þátt í lestrarátaki á landsvísu ásamt því að vera með lestrarátak inn í sinni deild. Upplstur fyrir hvert annað var hluti af áttakinu sem og lestur fyrir alla í skólanum.

Leikskólastarfsmenn mátu málþroska hvers barns og skráðu og kynntu niðurstöður fyrir foreldrum. Læsisteymið sendi okkur niðurstöður úr heimsókninni og unnið var eftir þeim leiðbeiningum sem þar komu fram. Síðan kom læsisteymið aftur í apríl og farið var yfir stöðuna og voru þær ánægðar með þá vinnu sem unnin hafði verið. Skerpt var á aldurstengdum lestrarviðmiðum, fjölda lesinna atkvæða á mínútu, til samræmis við gildandi viðmið. Skólastjóri ásamt þremur kennurum unnu að þessari matsáætlun.

Áherslur í lestri í Súðavíkurskóla

Hjá okkur í Súðavíkurskóla koma börnin fyrst að lestrarkennslu með formlegum hætti fimm ára gömul. Fram að þeim tíma er þó margvíslega unnið með mál og lestur. Börnin koma einu sinni eða tvisvar inn í bekk hjá yngri deild og taka þátt í stafainnlögn og öðru er tengist lestrarferlinu. Áhersla er lögð á lesskilning og lesfimi ásamt ritun. Þar sem sá tími er of lítill til að hægt sé að sinna öllum hliðum stafa- og hljóðainnlagnar taka leikskólakennararnir við og halda utan um upprifjun á stöfum og eftirfylgni. Þetta ætti að veita börnum ákveðið forskot í lestrarferlinu og sú hefur oftast orðið raunin þó einstaklingarnir séu auðvitað mistilbúnir til að skella sér í lestrarferlið, eins og gengur.

Nemendur lesa á hverjum degi hjá kennara og aftur hjá stuðningsfulltrúa, alla vega þau börn sem eru í dægradvöl. Hin lesa heima hjá foreldrum sínum. Kvittað er fyrir í samskiptabók á hverjum degi. Samstarf við foreldrana hefur gengið mjög vel.

Verið er að setja upp barnabókasafn í skólanum. Það er staðsett á loftinu fyrir ofan leikskóla-deildina. Þar verða uppflöttibækur og unglínga- og barnabækur tiltækar öllum stundum, nemendum til gagns og gleði, bæði til heimilans og yndislestrar.

Átak í lestri í yngri deild

Síðasta vetur tókum við okkur tak og fjölguðum íslenskutímum tímabundið. Á sama tíma var heimalestur og skólalestur stóraukinn. Börnin í yngri deild tóku þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns auk þess sem þau voru með sitt eigið átak, lestrarorminn. Þau hafa alltaf verið

hvött til að lesa fyrir samnemendur sína, m.a. spurningar upp úr samfélags- og náttúrufræði og skiptast þau á að lesa óháð aldri (mjög vinsælt). Þau lesa vikulega sögur sínar, sem þau hafa samið, fyrir hin börnin og fá límmiða í bókina að launum. Einnig hafa þau verið að æfa sig að lesa við ræðupúlt og huga að framsögn. Yndislestur er notaður sem afslöppun í deildinni og þá má bregða sér í samverukrök eða í „friðarhornið“ sem er afgirt borð í stofunni með hljóðeinangrandi vegg, klætt silkitjöldum sem gefa þægilega birtu. Reynt er að hafa nægt lesefni í stofunni og skipt er reglulega um bækur.

Markmið

Markmiðið er að uppfylla þau skilyrði sem lestrarátak Menntamálaráðuneytisins lagði fyrir grunnskóla á Íslandi eins og hún birtist í hvítbók menntamálaráðherra. Í áttakinu felst að við lok grunnskóla eigi nemendur geta lesið sér til gagns og ánægju í 90% tilfella. Hvað varðar fjölda lesinna atkvæða á mínútu þá má lesa um þau í gátlistum hvers bekkjar fyrir sig hér að aftan.

Viðmið

Viðmiðið er að uppfylla þau skilyrði sem nýtt lestrarátak Menntamálaráðuneytisins lagði fyrir grunnskóla á Íslandi eins og hún í birtist í hvítbók menntamálaráðherra.

Úrbótaáætlun

Við vitum hver staða barna í leikskóladeild er þegar þetta er skrifað. Auk þess höfum við lestrarkunnáttu allra grunnskólabarnanna kortlagða. Viðmið þarf þó að endurskoða reglulega og hafa þau í samræmi við það sem gert er í öðrum skólum, ekki síst vegna smæðar skólans og skort á samanburði innan skólans. Mikilvægt er að mat á lesfærni fari reglulega fram, jafnt og þétt, yfir allt skólaárið, gæti verið mánaðarlega eða á sex vikna fresti. Nota má stöðluð hraðlestrarpróf og prófin, Leið til læsis sem finna má inn á vef MMS. Þau mæla lesfimi og sjónrænan orðaforða og einnig munu ný lestrarpróf frá MMS brátt fara í umferð. Einnig má hafa til hliðsjónar „hæfnisþrep lesskilnings“ samkvæmt PISA (2009) . Ákjósanlegt er einnig að mæla lesskilning barnanna en minna er um stöðluð próf af þeirri tegund. Hægt er að gera krossapróf úr lesefni við hæfi barnanna til að kanna skilning, en það er ekki á færi allra að gera það svo vel sé. Breyta þarf orðalagi í setningum þannig að nemendur finni ekki bara línuna sem spurt er um út frá orðalagi, heldur nái að svara af skilningi út frá lesnu efni.

Haldið verður áfram að skrá og mæla lestrarstöðu nemenda. Ljóst er að ekki er endalaust hægt að vera „í átaki“ í læsi heldur vænlegra að gera lestur að eftirsóknarverðum kosti sem nemendur finna sig í. Það að geta dregið sig í hlé til að grípa í bók virkar fyrir marga nemendur og mætti það teygja sig upp í eldri deild. Að taka lestrarhlé í öllum skólanum á sama tíma gæti einnig gagnast. Gæta verður að því að skólinn fái nýjustu bækurnar fyrir unglunga og yngri börn og þeim bókakosti verði haldið að börnunum. Skólaveturinn 2016 – 2017 verður haldið áfram

að vinna samkvæmt viðmiðum þessarar skýrslu. Einnig verður áherslan á samstarf heimila og skóla stóraukin.

Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri

17. Leikskóladeildin

Haustið 2016 stunda 15 nemendur á aldrinum 1-5 ára nám í leikskólanum. Þar af fer einn nemandi í samkennslu. Dagskipulag og stundaskrá leikskólans eru skipulögð út frá aldri og þroska hvers barns. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og viðfangsefnin valin í samræmi við það. Markviss málörvun fær sérstaka áherslu í upphafi skólaársins og verður í brennidepli framvegis.

Deginum er skipt þannig að börnin fái bæði skipulögð verkefni og frjálsan leik. Leikurinn er í öndvegi sem aðal náms- og þroskaleið barna á þessum aldri.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og ber honum að starfa í samræmi við lög og reglugerðir um leikskóla. Menntamálaráðuneytið fer með málaflokk leikskóla eins og annarra skóla í landinu. Starfsmenn sitja fund með skólastjóra 1x í viku eða oftar eins og þurfa þykir.

Leikskólinn í samstarfi við Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar annast sérkennslu fyrir þá nemendur sem þess þurfa.

Uppeldis- og námssvið leikskólans eru:

- umönnun og daglegar venjur
- leikurinn
- mál og málörvun
- myndsköpun og myndmál
- tónlist - hljóð og hreyfing
- náttúran
- samfélagið



Markmið leikskólans eru að:

- efla sjálfsmynd barna
- barnið öðlist virðingu og viðurkenningu og læri að treysta á eigin verðleika
- að barnið finni öryggi og læri að taka frumkvæði og sýna tillitssemi
- að barnið læri að móta sínar eigin skoðanir, koma þeim á framfæri og taka á móti skoðunum annarra
- að styrkja börnin fyrir skólagöngu með samkennslu (elstu börn leikskóla með yngstu börnum grunnskóla)

Starfsmenn leikskóladeildar

Anna Sigurðardóttir, Eyrardalur 1	s: 456-4962	(07:45- 16:00)
Ísabella Friðgeirsdóttir, Álfabyggð 3	s:568-4842	(08:00 – 16:00)
Elín Birna Gylfadóttir, Arnarflöt 9	s: 893-5036	(08:00 – 13:00)

18. Tónlistardeild

Tónlistardeildin er hluti af Súðavíkurskóla og lýtur yfirsjórn skólastjóra.

Haustið 2016 stunda 14 nemendur tónlistarnám við tónlistardeildina okkar. Tónlist er kennd í tónlistarveri skólans. Jóhanna Rúnarsdóttir kennir á píanó og blokkflautu, ásamt tónmenntarkennslu. Eggert Nielson kennir á gítar og söng ásamt því að vera með hljómsveitaræfingu fyrir þá sem það vilja. Einnig er hann með söngstund á leikskólanum. Kennarar tónlistardeildar sitja fundi með skólastjóra og kennurum þegar þurfa þykir.

Tónlistardeildin starfar eftir þeim námskrám, lögum og reglugerðum tónlistarskóla sem gild eru á hverjum tíma. Hlutverk skólans er að glæða áhuga á tónlist og tónlistariðkun á starfssvæði sínu, annast kennslu í hljóðfæraleik ásamt öðrum tónlistargreinum og búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist. Rétt til náms við tónlistardeildina hafa skólaskyld börn í Súðavík.

Fyrirkomulag Kennslu: Kennararnir sækja nemendur í spilatíma út úr öðrum tímum eða þeir eru með fasta einkatíma eftir grunnskóla. Fyrstu ár yngstu nemendanna felast að mestu í þjálfun undirstöðuatriða, tækni, agaðra vinnubragða og umgengni við hljóðfæri.

Stefnt er að því að tónlistardeildin verði í miklu samstarfi við allar deildir Súðavíkurskóla og samfélagið í heild þannig að viðhorf gagnvart skólanum verði jákvætt, opið og sterkara að öllu leyti.

Skilgreining markmiða og leiðir: Ýta undir tónlistariðkun og tónlistaruppeldi inn í almennt starf skólans, gera nemendum kleyft að stunda nám sitt innan daglegs skólatíma í samstarfi við kennara. Tónlistarkennsla eflir tilfinningalegan- og listrænan þroska, viðhorf, samvinnu, ögun og eflir einbeitingarhæfnina, búa nemendur undir að iðka tónlist upp á eigin spýtur, stuðla að fjölbreyttu og metnaðarfullu tónlistarlífi í skólanum og samfélaginu.

Umsögn er gefin eftir því hvernig nemendur mæta og stunda nám sitt yfir veturinn og fá þeir svo einkunn fyrir tónfræðiþróf.

Tónleikar og aðrar uppákomur: Reynt verður að venja nemendur við að koma fram og leika lögin sem þeir eru að æfa fyrir áheyrendur. Nemendur fá tækifæri til að koma fram á menningarstundum í skólanum sem og á öðrum uppákomum og hátíðum á vegum skólans, auk hefðbundinna tónleika fyrir jól og að vori. Stefnt er að því að samæfingar séu haldnar að minnsta kosti einu sinni á önn. Samæfing er hugsuð sem litlir tónleikar, þar sem nemandinn er undirbúinn fyrir stóra tónleika. Nemendur eiga að vera snyrtilegir til fara. Stefnt verður að því að fara með alla nemendur í eina ferð á tónlistarviðburð annarsstaðar.

19. Sameiginleg gildi í Súðavíkurskóla

Í stað skólareglna hefur starfsfólk skólans komið sér saman um ákveðin lífsgildi sem leiða til góðra samskipta, vellíðunnar og góðrar umgengni.

Þessi lífsgildi eru:

Vellíðan

sem felur í sér viðurkenningu, gleði og góðan starfsanda.

Virðing

sem felur í sér vandvirkni, tillitssemi og traust.

Heiðarleiki

sem felur í sér hreinskilni, sáttfýsi og samstöðu.

Framfarir

sem felur í sér framvindu í námi, starfi, samskiptum og leik



Skýr mörk

Nemendur og starfsfólk Súdavíkurskóla hafa komið sér saman um skýr mörk og brugðist verður við ef þau eru ekki virt. Okkar skýru mörk eru á þessa leið:

Í Súdavíkurskóla ætlum við

að standa saman um að stöðva yfiringang, dónaskap, einelti og ofbeldi.


20. Foreldrasamstarf

Að hausti er haldin námsefniskynning þar sem vetrarstarfið er kynnt fyrir foreldrum. Foreldrar eru beðnir að aðstoða nemendur við að skipuleggja heimavinnuna og fylgjast með að unnið sé samkvæmt námsáætlun og henni skilað á réttum tíma. Foreldrar geta hringt í kennara þegar þurfa þykir á skólatíma og þegar skólinn er opinn. Þeir fá sendar heim tilkynningar í gegnum Mentor og eða í töskupósti um skólastarfið. Tveir fastir foreldradagar eru á skólaárinu auk ýmissa smærri funda. Foreldrar bjóða nemendum og kennurum til skemmtunar í skólanum á hverju ári auk þess að sjá um kaffiveitingar að lokinni árshátíð skólans.

Foreldrafélag

Félagið var stofnað 6. mars 1983 og hefur starfað síðan. Helstu markmið þess eru að gæta velfarnaðar nemendanna og stuðla að góðu samstarfi á milli kennara og foreldra. Stjórn foreldrafélagsins hefur samþykkt eftirfarandi markmið:

- Að styðja skólastarfið og efla tensl heimila og skóla
 - Að virkja sem flesta foreldra í foreldrastarfi
 - Að sinna upplýsingamiðlun og fræðslustarfi
 - Að vera þrýstiafl vegna hagsmuna nemenda
 - Að standa fyrir félagslífi, t.d. hefðbundinna haust- og vorskemmtanna.
- Á aðalfundi er kosin þriggja manna aðalstjórn og þriggja manna varastjórn



21. Jafnréttisáætlun Súðavíkurskóla

Í Súðavíkurskóla viljum við að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kynjanna og að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður, verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna skólans að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós. (Sjá nánar um áætlunina á heimasíðu skólans á www.sudavik.is/skoli)



22. Umhverfisstefna Súðavíkurskóla

Súðavíkurskóli leggur áherslu á umhverfismál m.a. með því að nemendur og starfsfólk tileinki sér viðhorf og vinnubrögð umhverfisverndar og beri virðingu fyrir umhverfinu. Starfsfólk skólans flokkar sorp til endurvinnslu. Nemendur og kennarar planta trjám ár hvert og bæta þannig umhverfi sitt og verðurfar með skjólmyndandi aðgerðum. Allir í skólanum spara raforku þar sem því er við komið, varast mengun og nota umhverfismerktar vörur t.d. hreinlætisvörur. Með markvissri fræðslu vinna kennarar og nemendur gegn umhverfisspjöllum og læra þannig að taka ákvarðanir sem stuðla að bættri umgengni.



23. Símenntun

Til þess að kennarar geti betur mætt þörfum nemenda og styrkt sig faglega er stefnt að því að þeir geti sótt námskeið og ráðstefnur við hæfi. Starfsmenn sækja námskeið á hverju ári. Í tengslum við innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar er ákveðin símenntun í gangi hjá öllu starfsfólki skólans og í vetur er áform um að fara til Boston á námskeið tengd stefnunni. Þá eru sótt símenntunarnámskeið sem haldin eru hérna á Vestfjörðum, ýmist í byrjun eða lok sumars. Kennarar eru hvattir til þess að sækja um til endurmenntunarsjóðs KÍ til námskeiða sem þeir vilja sækja en eru ekki á vegum skólans. Sjá áætlun á www.sudavik.is/skoli

24. Vímuvarnastefna Súðavíkurskóla

Stefna Súðavíkurskóla í vímuefnavörnum er eftirfarandi:

1. Skólinn leggur metnað sinn í að fylgja eftir aðalnámskrá grunnskóla um fræðslu til handa nemendum um skaðsemi fíkniefna.
2. Skólinn leggur áherslu á að nemendur fái kennslu, fræðslu og upplýsingar sem fagaðilar mæla með. Sækja námskeið í nágrennabyggð.
3. Skólinn leggur sig fram um að koma forvarnarpplýsingum og fræðslu til nemenda.
4. Skólinn hvetur til umræðu um vímuefnavarnir í skólanum og leggur áherslu á að nemendur séu virkir í þeirri umræðu.
5. Starfsmenn skólans sækja þá fræðslufundi um vímuefnavarnir sem í boði eru
6. Allar upptakomur, ferðalög og skemmtanir sem tengjast Súðavíkurskóla á einn eða annan hátt eru vímuefnalausar.
7. Markmið skólans eru að hann haldi áfram að vera vímuefnalaus



25. Áfallaáætlun

Vegna nemenda og starfsfólks: Áföll eins og ástvinamissir, slys, skilnaður foreldra eða aðrir erfiðleikar í fjölskyldu hafa djúpstæð áhrif á alla sérstaklega börn og unglunga. Því er mjög mikilvægt að foreldrar eða aðrir aðstaðendur nemenda komi slíkum upplýsingum til skólans svo starfsfólk geti brugðist við á réttan hátt. Í Súðavíkurskóla er starfandi áfallaráð sem hefur það hlutverk með höndum að bregðast við alvarlegum áföllum sem nemendur og eða starfsfólk verða fyrir.

Hlutverk áfallaráðs: Verkstjórn við sorgaratburði eða válega atburði að mæta alvarlegum áföllum sem nemendur og eða starfsfólk verða fyrir eða tengjast með einum eða öðrum hætti. Standa að fræðslu um viðbrögð barna og unglunga við áföllum þ.e.a.s. fá utnaaðkomandi aðila inn í skólann til að fræða.

Í áfallaráði eru: Skólastjóri, kennari, starfsmaður leikskóladeildar og ræstitæknir. Sóknarprestur er sá aðili sem eðlilegt og sjálfsagt er að leita til í langflestum tilfellum. (*Undantekningar ef*

sorgaratburðir snertir náíð einhvern, sem tilheyrir öðrum trúarsöfnuðum og ekki vill íhlutun prests.) Skólastjóri er aðalstjórnandi viðbragðsferils, sá sem aflar upplýsinga og veitir þær.

26. Mannréttinda- og jafnréttisstefna

Súðavíkurreppur hefur samþykkt mannréttindastefnu sem byggð er á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Súðavíkurskóli virðir mannréttindastefnu Súðavíkurrepps og leiðarljósið að hver maður s borinn frjals og jafn öðrum að virðingu og réttindum.

Grundvöllur að mannréttinda og jafnréttisstefnu Súðavíkurskóla felst í framtíðarsýn skólans og gildum hans. Virðingu fyrir hverjum og einum þar sem hver einstaklingur er einstakur og á að njóta sín á eigin forsendum hvort sem það eru nemendur eða starfsfólk. Starfið á að einkennast af samvinnu nemenda, foreldra og starfsfólks skólans og hver og einn ber ábyrgð á sínu námi, vinnu og framkomu. Leiðarljósið er að öllum nemendum og starfsfólki Súðavíkurskóla líði vel í skólanum og að nemendur ná hámarksárangri út frá námi við hæfi.

Viðmiðunarreglur vegna utanaðkomandi rannsókna og kannanna

Skólastjóri tekur ákvarðanir um hvaða kannanir er heimilað að leggja fyrir nemendur og/eða kennara eða annað starfsfólk í skólanum, sem undir hann heyrir á skólatíma, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað fyrirkomulag. Rannsakendur skulu hafa góðan fyrirvara á því að leggja fyrir kannanir eða rannsóknir í skólanum. Að öðru jöfnu skulu þær rannsóknir og kannanir hafa forgang sem óskað er eftir með meira en tveggja mánaða fyrirvara. Þess skal jafnan gætt að rannsóknir og kannanir hafi ekki í för með sér óeðlilega röskun á skólastarfi.

Berist margar beiðnir um rannsóknir og kannanir til skólans og skólinn telur sig þurfa að forgangsraða þeim skulu samfélagslegar kannanir s.s. á vegum heilbrigðisyfirvalda, menntastofnanna, ríkis eða sveitarfélaga, að öllu jöfnu hafa forgang. Jafnan skal þess gætt þegar könnun er heimiluð að fyrir liggi tilskilin leyfi s.s. frá tölvunefnd. Skólastjóri skal að öllu jöfnu sjá til þess að foreldrum eða forráðamönnum séu kynntar fyrirhugaðar rannsóknir og kannanir sem nemendur taka þátt í.

27. Eineltisstefna Súðavíkurskóla

Það telst einelti þegar einstaklingur er beittur síendurteknu andlegu eða líkamlegu ofbeldi, til lengri eða skemmri tíma af einstaklingi eða hópi. Einelti er litið afar alvarlegum augum í Súðavíkurskóla. Það er stefna skólans að leita allra leiða til að fyrirbyggja einelti og bregðast við því á samræmdan og skipulegan hátt þegar það birtist. Einelti er reglulega tekið til umræðu innan skólans, bæði meðal nemenda og kennara og starfsfólk kynnir sér reglulega nýjungar í viðbrögðum við eineltismálum. Unnið er stöðugt að því að efla samskiptahæfni nemenda.

Aðgerðaráætlun eineltismála í Súðavíkurskóla

- Vitneskja um einelti berst til skólans frá nemanda, foreldrum eða öðrum
- Málinu vísað til umsjónarkennara og skólastjóra
- Umsjónarkennari og skólastjóri meta hvort um einelti er að ræða skv.ofangreindri skilgreiningu
- Rætt við þolanda og gerendur og umsjónarkennari gerir foreldrum og allra málsaðila grein fyrir stöðunni
- Farið er yfir hvað skólinn getur gert til að aðstoða þolanda og gerendur
- Farið er yfir hvað foreldrar geta gert barni sínu til aðstoðar
- Allt ferlið er skráð af umsjónarkennara og geymt sem trúnaðarmál
- Fylgst er með framgangi mála
- Ef ekki tekst að uppræta eineltið er leitað ráða annarra sérfróðra aðila

28. Nýbúakennsla og móttökuáætlun

Í aðalnámskrá grunnskóla eru ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Þeir nemendur sem rétt eiga á nýbúakennslu eru börn sem hafa annað móðurmál en íslensku og einnig íslensk börn sem hafa búið erlendis og ekki hafa náð góðum tókum á málinu. Nemendunum er sinnt eftir þörfum hvers og eins. En staða þeirra getur verið jafnólík og þeir eru margir. Áhersla er lögð á íslensku og félagslega færni í tímum sem og í sértímum.

Móttaka innflytjenda

1. Fyrsta heimsókn í skólann og móttökuvíðtal
2. Fyrstu skrefin í skólanum
3. Samstarf við nemanda og foreldra
4. Fylgiskjöl

1. Fyrstu skrefin í skólanum

Allir foreldrar eiga kost á að sækja um skólavist fyrir börn sín, eigi þeir lögheimili í Súðavík. Foreldrar fá *Upplýsingabækling fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna*, sjá www.menntasvid.is. Í móttöku-viðtali þarf að skrá nafn nemandans, fæðingarár og þjóðerni, tungumál og símanúmer foreldra. Foreldrum er bent á að taka með sér í viðtalið upplýsingar um fyrri skólavist, s.s. einkunnir, greiningar, heilbrigðisvottorð og bólusetningavottorð. Æskilegt er að barn hafi fengið kennitölu.

Undirbúningur í bekknum

- kennari skipar „vinateymi.“
- hlutir merktir í skólastofunni.
- Bekkurinn útbúi orðabók með nauðsynlegustu orðunum (með myndum).
- Heimaland nýja nemandans kynnt fyrir bekknum.
- Allir læra að skrifa og segja nafn nýja nemandans á réttan hátt.
- Skipuleggja fylgd eða eftirlit í frímínútum.

Hlutverk umsjónarkennara er að:

- Halda utan um nám nemandans.
- Kynna heimaland nemandans fyrir bekknum.
- Annast samskipti við foreldra.
- Leggja fram námsmarkmið og fá slíkt frá öðrum kennurum.
- Fá stöðumat (að nokkrum tíma liðnum) á þekkingu og hæfni nemandans.

Umsjónarkennari leggur drög að því hvernig unnið verður með nemandann og er tengiliður við aðra kennara sem að nemandanum koma, sérstaklega ber að hafa í huga að það- og sundvenjur geta verið ólíkar milli landa og því þarf að tala við þá kennara sem það varðar.

Foreldrasamstarf

Foreldrar kallaðir á fund skólastjóra og umsjónarkennara til skrafs. Hvetja þarf foreldra til að sækja almenna foreldrafundi og taka þátt í skólastarfinu. Ef til vill má fá túlk á staðinn til að kynna skólastarfið, námsefni, tómstundastarf og svara spurningum sem foreldrum brennur á hjarta, ef á þarf að halda.

Kanna má hvort einhverjir foreldrar annarra barna í bekknum hafi áhuga á að gerast „vinafjölskylda“ hinnar nýkomnu fjölskyldu.

Mikilvægt er að kynna fjölskyldunni skólareglur Súðavíkurskóla sem og allt sem í boði er t.d. dægrar-dvöl, íþróttaiðkun ofsv.

29. Móttökuáætlun nemenda með sérþarfir

Móttaka nemenda með sérþarfir

Nemendur með sérþarfir í Súðavíkurskóla er metnir með skimunum á námslegri stöðu, annarprófum, sérhæfðum prófum, mati sérfræðinga og umsjónarkennara. Einnig eru þörfin metin út frá greiningagögnum frá sérfræðingum og öðrum skólum ef nemandi kemur úr öðrum skóla. Nemendur sem falla undir viðmið um fatlanir fá sérkennslu eða stuðning eins og með þarf hverju sinni enda hafi greining á erfiðleikum eða fötlun farið fram af viðurkenndum aðilum.

Súðavíkurskóli samanstendur af leik- grunn- og tónlistarskóla.

Samvinna er mikil milli leik- og grunnskóla enda samanstendur Súðavíkurskóli af þremur skólagerðum (leik- grunn- og tónlistarskóli) með einum stjórnanda. Fámennið hjálpar þarna mikið þar sem hægt er að kanna strax ef grunur reynist um einhver frávik í námi, hegðun ofsv. Elstu nemendur leikskólans eru 11 – 13 kennslustundir í grunnskólanum á viku, í íslensku, stærðfræði, upplýsinga-tæknimennt, íþróttum og listum. Kennari úr leikskólanum fer með þeim í grunnskólann og situr með þeim þá tíma. Allir nemendur leikskólans taka þátt í öllum viðburðum skólans s.s. árshátíð, þorrablóti, jólagrini ofsv. Þá eru öll námsgögn, tól og tæki sem og aðstaða notuð eins og á þarf að halda hverju sinni. Elstu nemendur grunnskólans eru með valtíma á leikskólanum 1x á viku þar sem þeir taka þátt í öllu sem þar fer fram á þeim tíma. Þá eru sameiginlegri starfsdagar hjá öllu starfsfólki 3x á ári. Allar upplýsingar um sérþarfir nemenda er öllum kennurum ljós og sértækar upplýsingar um væntanlega nemendur eru skráðar í Mentor og farið með þær sem trúnaðarmál.

Skipulag sérkennslu/stuðnings

Skólastjóri ásamt umsjónarkennara og eða annarra kennara sem koma að nemandanum skipuleggja sérkennsluna. Sérkennsla getur verið í stuttan tíma eða út alla skólagöngu barnsins. Einstaklingmiðað nám er stefna skólans og mikið um samkennslu árganga. Sérkennslan fer fram inn í bekk eða í sérkennslustofu eftir því hvað hentar nemandanum best hverju sinni. Ef á þarf að halda er stuðningsfulltrúi fenginn inn í bekk eða í það sem þarf hverju sinni og er það skipulagt af kennara og skólastjóra. Öll hjálpartæki eru útveguð af skólanum eins og hægt er hverju sinni. Sá kennari sem kennir viðkomandi nemanda ber ábyrgð á kennslunni og vinnur náið með foreldrum og skólastjóra.

Einstaklingsnámskrá

Umsjónarkennari vinnur einstaklingsnámskrá í samráði við skólastjóra og foreldra. Í námskránni koma fram markmið og leiðir í kennslu nemandans sem miðast við að efla færni hans. Einnig kemur fram hvernig námsmati er háttað, námsefni og samvinna við foreldra. Foreldrar skrifa undir námskránni sem er geymd í læstri hirslu sem trúnaðargögn.

Samstarf

Nemendaverndarráð kemur saman eins oft og þurfa þykir ef taka þarf á málefni nemanda með sérþarfir eða fatlanir. Þá eru reglulegir fundir með umsjónarkennara, foreldrum og skólastjóra sem og þjónustuaðila utan skólans, þegar við á, til að fara yfir stöðu mála. Allir fundir eru skráðir í þar til gerðar bækur.

Félagsleg þátttaka

Súðavíkurksóli er uppbyggingarskóli og aðyllst skólastefnu Uppeldis til ábyrgðar. Sú stefna hefur virkað mjög vel á nemendur með sérþarfir. Umsjónarkennari er vakandi yfir félagslegum tengslum nemanda. Tengiliðir foreldra í hverri deild sjá um félagsleg samskipti utna skólatíma nokkrum sinnum á ári. Nemendur sem standa höllum fæti félagslega er liðsinnt um vinatengsl með aðferð uppeldis til ábyrgðar og oftast er það umsjónarkennari sem sér um það. Eineltisstefna er til staðar og nýtt ef grunur er um einelti. Reglulegir fundir með foreldrum stuðla einnig að því að nemandi nái að fóta sig félagslega.